

## Reglur um daggæslu barna í Grindavík

Um daggæslu barna í heimahúsum gildir reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Reglur þessar eru settar með stoð í framangreindri reglugerð og fjalla um:

- a) Leiðbeiningar um skyldur dagforeldra gagnvart börnum, sbr. 33. gr. rgj.
- b) Leiðbeiningar um samskipti dagforeldra við foreldra, sbr. 33. gr. rgj.
- c) Reglur um framkvæmd eftirlits, sbr. 35. gr. rgj.
- d) Reglur um fjárhagslega stuðning við starfsemi dagforeldra, sbr. 42. gr. rgj.

### I. kafli

#### Ábyrgð og skyldur dagforelda

##### 1 gr.

##### *Ábyrgð dagforeldra*

Dagforeldrar skulu kynna sér ítarlega reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum sem og reglur þessar.

Dagforeldrar bera ábyrgð á öryggi og andlegri og líkamlegri velferð barns meðan á daggæslu stendur. Dagforeldrar skulu hlúa að barni í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Með öllu er bannað að beita barn andlegu eða líkamlegu ofbeldi eða hirtingu.

Á dagforeldrum hvílir víðtæk ábyrgð til að afla upplýsa hjá foreldrum um alla þá þætti sem snerta venjur, sérþarfir og annað sem skiptir máli fyrir velferð barns.

Allar upplýsingar sem dagforeldrar fá um aðstæður og hag barns og/eða fjölskyldu skal fara með sem trúnaðarmál, með þeirri veigamiklu undantekningu sem fram kemur í 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar. Dagforeldrar skulu undirrita þagnarheit við leyfisveitingu.

Um ábyrgð dagforeldra vísast að öðru leyti til IX. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.

##### 2. gr.

##### *Skyldur dagforeldra*

Auk sakavottorðs, skv. 5. tl. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, skal fylgja heimild til daggæslufulltrúa til að afla upplýsinga úr sakaskrá um það hvort umsækjandi eða heimilismenn 18 ára og eldri hafi hlotið dóm vegna brota á XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dagforeldri skal halda gjaldskrá fyrir þjónustu sína og hafa hana aðgengilega. Gjaldskráin skal send daggæslufulltrúa til kynningar. Allar breytingar á gjaldskrá skulu kynntar með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Foreldrar eiga rétt á upplýsingum frá dagforeldrum um dagskipulag í grófum dráttum, matseðil í meginatriðum og aðra starfsemi utan heimahúss.

Foreldrar eiga rétt á að vita hversu mörg börn eru í daggæslunni, aldur þeirra og dvalartíma.

Einnig skulu dagforeldrar leita samþykkis foreldra fyrir flutningi barns í einkabifreið meðan á gæslu stendur.

Dagforeldrum er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna meðan á dvöl stendur. Um öryggi barna vísast nánar til 29. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.

Mikilvægt er að dagforeldrar og foreldrar virði gagnkvæman uppsagnarfrest. Aðilum stendur til boða að nota samningsform sem félagsþjónustan hefur unnið en þar eru m.a. ákvæði um uppsagnarfrest.

Dagforeldri ber að upplýsa daggæslufulltrúa ef rými losnar og daggæsluforeldri getur ekki ráðstafað því. Daggæslufulltrúa er heimilt að auglýsa laus daggæslurými á heimasíðu sveitarfélagsins og/eða koma á sambandi á milli foreldra og dagforeldris með öðrum hætti til að skipa í plássíð.

Verði dagforeldrar þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, er því skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart, sbr. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

## **II. kafli** **Ábyrgð og skyldur foreldra**

### *3. gr.* *Ábyrgð foreldra*

Foreldrar skulu kynna sér ítarlega reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum sem og reglur þessar.

Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri og val á þeim er ætíð á ábyrgð foreldra.

Á foreldrum hvílir víðtæk ábyrgð og skylda til að upplýsa dagforeldra um alla þá þætti sem snerta venjur, sérþarfir og annað sem skiptir máli fyrir velferð barns.

Á foreldrum hvílir einnig sú ábyrgð að kynna sér vel allar aðstæður hjá dagforeldri í upphafi gæslu og fylgjast reglubundið með aðbúnaði barns meðan á gæslu stendur. Í þeim samskiptum skulu foreldrar virða það að um heimahús er að ræða.

Um ábyrgð, skyldur og réttindi foreldra vísast að öðru leyti til VIII. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.

### *4. gr.* *Skyldur foreldra*

Í samráði við dagforeldri skal gefa barni aðlögunartíma í samræmi við þarfir þess við upphaf vistunar og skal foreldri vera með barninu eftir þörfum.

Foreldrar skulu semja sérstaklega um dvalartíma barns. Breyting á dvalartíma er óheimil án samþykkis dagforeldris nema um annað sé kveðið á í samningi.

Foreldrum ber að tilkynna dagforeldri um veikindi barns eins fljótt og kostur er. Foreldrar skulu ekki koma með veikt barn í gæslu.

Foreldrar, eða aðrir nákomnir, sem koma með og sækja barn, skulu klæða barn í og úr

utanyfirfötum. Börn skulu vera hrein og í hlýlegum fötum og hafa meðferðis fatnað til skipta og skjólfatnað.

Foreldrar skulu gefa dagforeldrum nákvæmar upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi við þá meðan á gæslu stendur. Skylda er að tilkynna ef breytingar verða að þessu leyti.

Til að fylgjast með öryggi, líðan, þroska og þörfum barns hjá dagforeldrum skulu foreldrar hafa frumkvæði að virkum samskiptum við dagforeldra og leitast við að hafa þau samskipti hreinskilin og óþvinguð. Í þeim samskiptum skulu foreldrar virða það að umheimahús er að ræða.

Mikilvægt er að foreldrar og dagforeldrar virði gagnkvæman uppsagnarfrest. Aðilum stendur til boða að nota samningsform sem félagsþjónustan hefur unnið, en þar eru m.a. ákvæði um uppsagnarfrest.

Telji foreldri daggæslu ábótavant og/eða ef hann telur að dagforeldri uppfylli ekki lengur skilyrði leyfisveitingar skal, hann strax tilkynna það til daggæslufulltrúa.

### **III. kafli** **Umsjón og eftirlit með daggæslu**

#### *5. gr.* *Umsjón*

Daggæslufulltrúi hefur með höndum og ber ábyrgð á daglegri umsjón með daggæslu í heimahúsum. Í því felst einkum að veita dagforeldrum stuðning, fræðslu og ráðgjöf, sbr. ákvæði 34. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Skal það m.a. gert með reglulegum heimsóknum til dagforeldra, fræðslufundum í þeirra þágu, tilfallandi fundum með dagforeldrum og foreldrum þegar tilefni er til og með því að leita eftir ráðgjöf vegna fatlaðs barns sem er í daggæslu í samráði við foreldra.

Jafnframt veitir daggæslufulltrúi móttöku umsóknum um leyfi til að sinna daggæslu í heimahúsum, kallar eftir gögnum, vinnur greinargerð og undirbýr málið fyrir félagsmálanefnd. Þá hefur daggæslufulltrúi samskipti við önnur stjórnvöld, s.s. heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og slökkvilið eftir því sem tilefni er til.

Að öðru leyti vísast til X. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.

#### *6. gr.* *Eftirlit*

Daggæslufulltrúi fer með eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum í Grindavík. Eftirlitið skal vera reglubundið og að meginstefnu til þrjúþætt:

- a) Mánaðarleg skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, staðfest af eftirlitsaðila og foreldri barns
- b) Að minnsta kosti þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári
- c) Upplýsingar frá foreldri barns um viðhorf þeirra til daggæslunnar einu sinni á ári.

Auk reglubundins eftirlits skal eftirlit vera tilfallandi þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni eða kvartana.

**IV. kafli**  
**Fjárhagslegur stuðningur við starfsemi dagforeldra**

*7. gr.*  
*Fjárhagslegur stuðningur*

Gjaldskrá dagforeldra er frjál.

Grindavíkurbær veitir fjárhagslegan stuðning við starfsemi dagforeldra með eftirfarandi hætti:

- a) Niðurgreiðslur vistunargjalda skulu vera kr. 55.000,- vegna hjóna/sambúðaraðila og kr. 65.000 vegna einstæðra foreldra miðað við 8 klst. vistun.
- b) Eftir að barna nær fullra 18 mánaða aldri skal koma til aukin niðurgreiðsla þannig að foreldrar greiði sama gjald og í leikskóla.
- c) Niðurgreiðsla á námskeiðsgjöldum fyrir nýja dagforeldra eða dagforeldra með bráðabirgðaleyfi skal nema 75%.
- d) Stofnstyrkur vegna nýrra daggæsluleyfa skal nema kr. 100.000,-. Styrkurinn skal greiddur út við næstu mánaðamót eftir að starfsemi hefst. Skilyrði þess að greiddur verði stofnstyrkur er að dagforeldri sé með heimilaðan hámarksfjölda barna í daggæslu.
- e) Veita skal árlegan búnaðarstyrk að fjárhæð kr. 50.000,-. Styrkurinn greiðist út 1. september ár hvert að því gefnu að dagforeldri hafa starfað samfellt í a.m.k. átta mánuði með heimilaðan hámarksfjölda barna í gæslu.
- f) Álag vegna gæslu eigin barna skal vera 50% ofan á almenna niðurgreiðslu. Skilyrði þess að greitt verði álag er að dagforeldri sé með heimilaðan hámarksfjölda barna í gæslu.
- g) Ef dagforeldri leggur heimili sitt undir daggæslu skal greiddur húsnæðisstyrkur að fjárhæð kr. 15.000,- á hvert barn í mánuði hverjum. Skilyrði þess að greiddur verði húsnæðisstyrkur er að dagforeldri sé með heimilaðan hámarksfjölda barna í gæslu. Ekki er þó greiddur húsnæðisstyrkur með eigin barni.

Niðurgreiðslur samkvæmt a-lið 2. mgr. gilda einnig gagnvart dagforeldrum í öðrum sveitarfélögum sem leyfi hafa til að sinna daggæslu barna í heimahúsi.

Það skilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi skv. d., e., f. og g.-lið 2. mgr., að dagforeldri sé með heimilaðan hámarksfjölda barna í gæslu, á ekki við ef ekki tekst að skipa í daggæslurými af ástæðum sem eru dagforeldri óviðkomandi.

*7. gr.*  
*Gildistaka*

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Grindavíkur.

Afgreitt í félagsmálanefnd Grindavíkur hinn 15.02.2018.

Afgreitt í bæjarráði Grindavíkur hinn 20.02.2018.

Samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur hinn 27.02.2018.